



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjanesbær  
b.t. Kjartans Más Kjartanssonar  
bæjarstjóra  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjavík 28. maí 2019

1810042SA AGB  
Málalykill: 14.11

### **Efni: Val á sveitarfélögum til að taka þátt í íbúasamráðsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstaðar**

Með bréfi, dags. 28. febrúar sl., var sveitarfélögum gefinn kostur á að sækja um þátttöku í íbúasamráðsverkefni sambandsins og Akureyrarkaupstaðar. Í bréfinu var kynnt að samráðshópur verkefnisins muni sjá um að velja þrjú þátttökusveitarfélög á grundvelli umsókna þeirra. Leitast verði við að velja sveitarfélög með tilliti til þess að þau séu fjölbreytt að stærð og gerð, en einnig með tilliti til forsendna þeirra til að framkvæma verkefnið og hugmynda um samráðsefni. Umsóknarform fylgdi þar sem sveitarfélögin voru beðin um að gera grein fyrir hugmyndum sínum um samráðsefni og rökstyðja umsókn sína.

Samráðshópurinn sem er skipaður þeim Önnu G. Björnsdóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Evu Marín Hlynsdóttur frá Háskóla Íslands, Grétari Þór Eyþórssyni frá Háskólanum á Akureyri, Sóleyju Björk Stefánsdóttur frá Akureyrarkaupstað og Stefaníu Traustadóttur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, hefur nú lokið við að meta þær 10 umsóknir sem bárust og hefur komist að samhljóða niðurstöðu um að velja:

- Kópavogsbæ
- Norðurþing og
- Stykkishólmsbæ til þátttöku í verkefninu.

Þessi sveitarfélög eru fjölbreytt að stærð og gerð og samráðshópurinn telur umsóknir þeirra bestar að gæðum. Þær feli í sér vel ígrundaðar hugmyndir um samráðsefni og þátttöku og hafi góða tengingu við handbók sambandsins um íbúasamráð sem verkefnið mun byggjast á.

Samráðshópurinn vill þakka öllum tíu sveitarfélögum fyrir umsóknir sínar og áhuga á að taka þátt í verkefninu og minnir að lokum á að markmið þess er að afla reynslu af íbúasamráði sem geti nýst öðrum sveitarfélögum í kjölfarið.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

*Anna G. Björnsdóttir*

Anna G. Björnsdóttir  
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Samrit: Fljótsdalshérað  
Hveragerðisbær  
Kópavogsbær  
Mosfellsbær  
Hafnarfjarðarbær  
Norðurþing  
Skútustaðahreppur  
Stykkishólmsbær  
Vestmannaeyjabær